

Fundargerð

Annar fundur samstarfshóps um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir landslagsverndarsvæðið norðan Dyrfjalla og náttúruvættið Stóruvöð.

Fundur á Teams 23. janúar 2023 kl. 14:00

Fundarmenn:

Davíð Örvar Hansson og Lára Björnsdóttir f.h. Umhverfisstofnunar.

Aðalbjörg Sigmarisdóttir og Guðmundur Sigmarsson f.h. landeigenda Hrafnabjarga.

Ása M. Einarsdóttir f.h. FSRE/landeigenda Unaóss-Heyskála.

Eypór Stefánsson f.h. heimastjórnar Borgarfjarðar.

Sigurður Thoroddsen landeigandi Sandbrekku.

Markmið fundar

Áframhaldandi vinna við stjórnunar og verndaráætlun.

Fundarefni

- *Yfirferð yfir samráðsaðila*
- *Opinn kynningar- og stefnumótunarfundur fyrir svæðið, haldinn í raunheimum.*
- *Stjórn- og vernd, yfirferð og athugasemdir.*
- *Næstu skref.*
- *Önnur mál.*
 - *Birting gagna.*

Rætt var um samráðsaðilagreiningu þar sem farið er yfir lista samráðsaðila og greint með hvaða hætti samráðsaðilar verða virkjaðir til samstarfs. Davíð kynnir þá vinnu sem búin er og kallar eftir tillögum að viðbótum og athugasemdir við vinnuna.

Umræðupunktur:

- Reiðhjólaleiðir þarf að skoða vel, Árni Magnússon kunnugur hjólreiðum á svæðinu og gott væri að tala við hann.
- Það þarf að huga vel að aðgengi að Stóruvöð vegna leitar og björgunar. Það þarf að vera aðkomuleið að svæðinu fyrir sexhjól.

Umhverfisstofnun hefur áhuga á að haldinn verði opinn kynningarfundur á svæðinu þar sem farið verður yfir friðlýsinguna, gerð stjórnunar- og verndaráætlunar ásamt því að efna til hugarflugs um brýn verkefni á svæðinu ásamt því að vinna grófa forgangsröðun verkefna. Þátttakendur fundarins fögnuðu því að halda fund. Lagt var til að skoða fundaraðstöðu í Fjarðarborg eða Hjaltalundi. Mikilvægt að hægt væri að senda fundinn út og því þarf nettenging að vera góð. Velt var upp að hægt væri að leita hjálpar hjá Múlaþingi vegna útsendingar.

Farið var yfir stöðuna við skrif stjórnunar og verndaráætlunar og kallað eftir athugasemdum og ábendingum. Rætt var um kaflann um afmörkun svæðisins og að bæta inn örnefnum í lýsinguna. Aðalbjörg tók að sér að skrifa nýja lýsingu á afmörkun. Rætt var um reiðleiðir sem liggja í gegnum svæðið skv. gagnagrunni landssambands hestamanna og aðalskipulagi. Þar er um að ræða gömlu bæjarleiðina fram hjá Hrafnabjörgum og áfram um urðirnar norður að Unaósi. Leiðin ber illa umferð hrossastóða sem fara um svæðið. Bæði ónæði fyrir landeigendur að Hrafnabjörgum ásamt því sem öryggi hrossa og gangandi vegfarenda er stefnt í hættu undir urðunum.

- Þarf að ræða frekar við sveitarfélagið og landssamband hestamanna.
- Ríkiseignir munu skoða nánar m.t.t. hvort gengið sé rétt bænda á Unaósi.

Davíð minnir á að vinna við stjórnunar- og verndaráætlun er opinber vinna og gögn þessarar vinnu flokkast því sem opinber gögn. Mikilvægt að fólk geri sér grein fyrir því að gögn málsins s.s. tölvupóstar gætu verið afhent þriðja aðila, verði óskað eftir afhendingu gagna.

Næstu skref

Davíð skrifar og sendir fundargerð

Umhverfisstofnun skoðar fundarstað og dagsetningu fyrir opinn íbúafund ásamt því að kynna drög að dagskrá fyrir nefndarfólki.

Áfram verður unnið að hagsmunaaðilagreiningu og hún send nefndarfólki þegar tilbúin.

Gert ráð fyrir að boðaður verði fundur samstarfshóps í febrúar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:00.